



## Níu mánaða uppgjör Landsvirkjunar

Tekjur, EBITDA og hagnaður hækka milli tímabila

### Helstu atriði árshlutareiknings

- Rekstrartekjur námu 398,8 milljónum USD (44,3 ma.kr.) og hækka um 51,5 milljónir USD (14,8%) frá sama tímabili árið áður.<sup>1</sup>
- EBITDA nam 291,7 milljónum USD (32,4 ma.kr.). EBITDA hlutfall er 73,1% af tekjum, en var 71,9% á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 133,4 milljónum USD (14,8 ma.kr.), en var 114,8 milljónir USD á sama tímabili árið áður og hækkar því um 16,2% milli tímabila.
- Hagnaður tímabilsins var 89,3 milljónir USD (9,9 ma.kr.) en var 78,5 milljónir USD á sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 102,6 milljónir USD (11,4 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok september 1.940,0 milljónir USD (215,3 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 222,7 milljónum USD (24,7 ma.kr.) sem er 11,1% hækkun frá sama tímabili árið áður.

### Hörður Arnarson, forstjóri:


„Rekstur Landsvirkjunar gekk vel á fyrstu þremur fjórðungum ársins 2018. Fjölbreytt eftirspurn var frá bæði núverandi og nýjum viðskiptavinum og jókst orkusala Landsvirkjunar um 345 GWst á tímabilinu. Við sjáum nú fyrir endann á byggingu virkjana á Þeistareykjum og við Búrfell og er aftur lögð megináhersla á lækkun skulda þannig að arðgreiðslur félagsins geti aukist. Nettó skuldir Landsvirkjunar lækkuðu um 103 milljónir USD (11,4 ma.kr.) frá áramótum og áætlanir gera ráð fyrir að skuldir lækki nokkuð hratt á næstu misserum.“

<sup>1</sup> Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 111




## Rekstur

### Þróun rekstrartekna



Rekstrartekjur hækkuðu um 14 m.USD í samanburði við þriðja ársfjórðung í fyrra og samtals um 51,5 m.USD miðað við níu mánaða tímabil ársins í fyrra. Skýrist sú hækkun að mestu vegna aukinnar orkusölu og herra álverðs. Hluti af raforkusamningum eru tengdir álverði.


### EBITDA og EBITDA hlutfall



Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir, EBITDA, nam 94 m.USD á þriðja ársfjórðungi eða samtals 292 m.USD frá áramótum. Þróun EBITDA hefur verið í takt við jákvæða tekjuþróun fyrirtækisins.




### Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til þegar metinn er grunnrekstur fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam um 133 m. USD á fyrstu níu mánuðum ársins en var um 115 m. USD á sama tímabili árið áður. Hækkun má einkum rekja til hækkunar á tekjum en á móti kemur hækkun fjármagnsgjalda vegna einskiftisfærslu vaxtagjalda að fjárhæð 10,5 m. USD í tengslum við uppgreiðslu á skuldabréfi og láni á öðrum ársfjórðungi 2018.

### Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði á 9M 2018




### Nettó skuldir lækka


Landsvirkjun hefur lagt mikla áherslu á að lækka skuldir síðustu ár. Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins. Frá áramótum hafa nettó skuldir lækkað um 103 m. USD. Umfangsmiklu framkvæmdatímabili er nú senn að ljúka en fjárfest var fyrir 127 m. USD á tímabilinu. Þar ber hæst bygging tveggja virkjana, Þeistareykja og Búrfells II, sem báðar hafa nú verið teknar í fullan rekstur. Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 223 m. USD á tímabilinu og stóð því að fullu undir fjárfestingum tímabilsins.



## Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé samstæðunnar nam 89 m. USD í lok september 2018 en þróunin sést á grafinu hér að neðan. Handbært fé frá rekstri hefur staðið undir fjárfestingum síðastliðinna ára og er það forsenda bættrar skuldastöðu fyrirtækisins.



## Horfur í rekstri

Afkoma Landsvirkjunar mun ráðast að miklu leyti af þróun vaxta, gjaldmiðla, eftirspurn viðskiptavina og álverðs. Hluti lána ber breytilega vexti, hluti lánasafns er í öðrum gjaldmiðlum en USD, aðstæður á heimsmarkaði hafa áhrif á viðskiptavini Landsvirkjunar og tekjur Landsvirkjunar eru að hluta til tengdar verði á áli. Því hafa breytingar á þeim áhrif á framtíðarafkomu Landsvirkjunar en markvisst hefur verið unnið að því að lágmarka þá áhættu.

Reykjavík, 21. nóvember 2018

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárússon, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

s. 515 9000



## Um árs hlutareikninginn

Árs hlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reiknings skilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

## Helstu stærðir árs hlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2018	2017	2016	2015	2014
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	403.800	351.691	303.485	306.457	299.953
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði .....	( 4.983)	( 4.361)	3.632	7.529	7.854
<b>Rekstrartekjur samtals</b> .....	<b>398.817</b>	<b>347.330</b>	<b>307.117</b>	<b>313.986</b>	<b>307.807</b>
Rekstrar- og viðhaldskostnaður .....	( 107.125)	( 97.762)	( 81.502)	( 69.216)	( 77.087)
<b>EBITDA</b> .....	<b>291.692</b>	<b>249.568</b>	<b>225.615</b>	<b>244.770</b>	<b>230.720</b>
Afskriftir og virðisrýrnun .....	( 93.114)	( 87.070)	( 87.721)	( 87.314)	( 85.302)
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b> .....	<b>198.578</b>	<b>162.498</b>	<b>137.894</b>	<b>157.456</b>	<b>145.418</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 65.134)	( 47.664)	( 49.137)	( 62.346)	( 62.027)
<b>Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði</b> .....	<b>133.444</b>	<b>114.834</b>	<b>88.757</b>	<b>95.110</b>	<b>83.391</b>
<b>Óinnleystir fjármagnsliðir:</b>					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða .....	( 32.762)	66.194	29.828	( 26.237)	22
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða .....	17.573	( 8.919)	( 921)	6.464	( 11.487)
Óinnleystur gjaldeyrismunur .....	14.623	( 56.091)	( 38.179)	39.972	51.147
	( 566)	1.184	( 9.272)	20.199	39.682
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	<b>132.878</b>	<b>116.018</b>	<b>79.485</b>	<b>115.309</b>	<b>123.073</b>
Tekjuskattur .....	( 43.601)	( 37.489)	( 31.997)	( 39.012)	( 41.106)
<b>Hagnaður</b> .....	<b>89.277</b>	<b>78.529</b>	<b>47.488</b>	<b>76.297</b>	<b>81.967</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>30.9.2018</b>	<b>30.9.2017</b>	<b>30.9.2016</b>	<b>30.9.2015</b>	<b>30.9.2014</b>
Eignir samtals .....	4.445.981	4.441.672	4.261.610	4.085.272	4.363.098
Eigið fé samtals .....	2.132.829	2.034.201	1.949.506	1.768.147	1.716.517
Skuldir samtals .....	2.313.152	2.407.471	2.312.104	2.317.125	2.646.581
Nettó skuldir .....	1.940.009	2.038.246	1.973.757	2.027.487	2.263.318
<b>Lykiltölur</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	222.693	200.432	172.545	194.302	168.908
Fjárfestingar .....	( 126.863)	( 188.691)	( 109.293)	( 47.379)	( 82.739)
Fjármögnun .....	( 131.696)	( 47.660)	( 101.229)	( 241.607)	( 185.381)
Lausafé alls .....	453.359	491.395	528.125	382.989	472.471
Eiginfjárhluftfall .....	48,0%	45,8%	45,7%	43,3%	39,3%
Arðsemi eiginfjár .....	5,8%	5,0%	3,1%	4,2%	3,8%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld) .....	4,88x	5,43x	5,12x	4,59x	3,35x
Nettó skuldir / EBITDA .....	5,00x	6,26x	6,53x	5,86x	7,15x

## Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.